

Fundargerð 89. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 25. apríl 2023, kl. 14:30

Dagskrá:

1. Aðlögun íslenskra sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga - aðgerð C.10 í byggðaaáætlun.
2. Opinber grunnþjónusta – drög að skilgreiningu.
3. Brothættar byggðir og málaflokkar einstakra ráðuneyta.

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN, mætti 14:43), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu), Þórarinn Sólmundarson (HVIN) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Í fjarfundi: Berglind Kristinsdóttir (landshlutasamtökunum, Pétur Berg Matthíasson (FOR), Sigurlaug Ýr Gísladóttir (varamaður Hafþórs Einarssonar, MRN) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR) og Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN).

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgangur:

1. **Aðlögun íslenskra sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga – aðgerð C.10 á byggðaaáætlun.** Ragnhildur Friðriksdóttir þróunarsviði Byggðastofnunar kynnti aðgerð C.10 á byggðaaáætlun um aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga, en hún er verkefnisstjóri þeirrar aðgerðar. Fimm sveitarfélög hafa verið valin til þátttöku í verkefninu sem miðar að því að aðstoða þau í þeirri vinnu sem fram undan er við að greina áhrif og afleiðingar loftslagsbreytinga og móta aðgerðir til aðlögunar. Þannig verði sveitarfélögum færðir skýrari ferlar og aðferðir sem gera þeim kleift að búa sig undir möguleg áhrif loftslagsbreytinga á innviði, atvinnugreinar, efnahag og samfélög. Talsverðar umræður urðu um þennan lið og verkefnið þykir áhugavert.
2. **Opinber grunnþjónusta.** Sigríður fór yfir vinnu við skilgreiningu á grunnþjónustu en hún stýrir því verkefni fyrir Byggðastofnun. Ný drög að skilgreiningu verða brátt lögð í samráðsgátt stjórnvalda, eftir að farið hefur yfir umsagnir sem bárust við drögunum sem voru lögð fram árið 2021. Drögin eins og þau líta út núna voru send stýrihópnum fyrir fundinn. Talsverðar umræður urðu um skjalið og fram komu ýmsar ábendingar sem óskað var eftir að fá skriflega svo hægt sé að vinna úr þeim.
3. **Brothættar byggðir og málaflokkar einstakra ráðuneyta.** Formaður greindi frá fundi sem haldinn var í lok febrúar sl. með ráðherra og ráðuneytisstjóra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis. Þar kynntu verkefnisstjórar Brothættra byggða hjá Byggðastofnun verkefnið og fóru yfir stöðu mála sem snerta ráðuneytið. Góður rómur var gerður af þeim fundi. M.a. í kjölfar þess fundar kynnti innviðaráðherra fyrir ríkisstjórn fyrr í dag minnisblað um verkefnið Brothættar byggðir og aðferðafræðina sem þar er beitt. Umræða um verkefnið og lýstu fulltrúar stýrihópsins sig reiðubúna að vera Byggðastofnun til aðstoðar ef á þyrfti að halda varðandi tilfallandi mál tengdum brothættum byggðum.

Fram kom að Byggðastofnun er að skipuleggja afmælishátíð í tilefni þess að 10 ár eru liðin frá því að verkefnið hófst. Hátíðin verður haldin á Raufarhöfn þann 5. október n.k., en Raufarhöfn var fyrsta byggðalagið til að taka þátt. Formaður hvatti fulltrúa stýrihópsins til að taka daginn frá og mæta á Raufarhöfn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00